

DRÖG AÐ LANDSÁÆTLUN UM ÚRGANG

INNGANGUR

Úrgangur er hráefni sem ber að nýta en ekki að sóa

Magn úrgangs er í réttu hlutfalli við hagvöxt. Evrópusambandið hefur að markmiði að rjúfa þessi tengsl svo hagvöxtur geti aukist án þess að aukning verði á magni úrgangs. Ýmsir valkostir standa til boða þegar meðhöndla á úrgang. Æskilegast og jafnframt hagkvæmast er að koma í veg fyrir myndun úrgangs. Ýmsir valkostir standa til boða þegar meðhöndla á þann úrgang sem myndast. Til að mynda er hægt að nýta orku úr úrgangi með háhitabrennslu, endurnota hann, endurnýta, endurvinna eða urða. Ef horft er til stefnu Evrópusambandsins er ljóst að urðun er aðeins talin vera réttlæt看leg þegar engar aðrar leiðir eru færar. Þetta þýðir að aðeins á að urða þann úrgang sem ekki er hægt að endurnota, endurvinna eða endurnýta á annan hátt. Segja má að úrgangur sé hráefni sem ber að nýta en ekki á að sóa.

Samkvæmt lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, skal Umhverfisstofnun gefa út landsáætlun um meðhöndlun úrgangs. Í 4. gr. laganna segir: „Umhverfisstofnun skal gefa út almenna áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir landið allt að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Áætlunin skal taka mið af lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu. Endurskoða skal áætlunina á þriggja ára fresti.“

Í Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016, sem Umhverfisstofnun gaf út árið 2004, er að finna markmið um meðhöndlun úrgangs á Íslandi til ársins 2020. Stefnt var að því að draga úr urðun lífræns úrgangs í áföngum, draga úr myndun umbúðaúrgangs og auka endurnotkun og endurvinnslu úrgangs. Auk þess voru sett fram ýmis töluleg og tímasett markmið.

Sveitarstjórnir gefa út svæðisáætlanir. Sjö svæðisáætlanir hafa verið gefnar út og ná þær til rúmlega 95% íbúa landsins. Fjórar svæðisáætlanir eru í vinnslu.¹

Þessi landsáætlunin skiptist í tvo hluta, stöðuhluta og áætlunarhluta. Í stöðuhlutanum er fjallað um gildandi löggjöf, magn úrgangs, umfjöllun um hvernig tókst að uppfylla markmið síðustu landsáætlunar og loks er fjallað um áherslu til framtíðar. Í áætlunarhlutanum eru sett fram markmið, bæði almenn og tímasett mælanleg markmið.

Í Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016 má finna ýmsar grunnupplýsingar, svo sem varðandi þróun úrgangsmeðhöndlunar og aðferðir við endurvinnslu. Þær upplýsingar verða ekki endurteknar hér heldur er vísað til þeirrar áætlunar sem er aðgengileg á vefnum. Auk þess er hægt að óska eftir rafrænu eintaki með því að senda beiðni á ust@ust.is.


¹ Upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Fyrirlestur Lúðvíks E Gústafssonar 21. október 2009. Svæðisáætlanir sveitarfélaga um úrgang.

Löggjöf um úrgang

Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2010-2022, sem og fyrri landsáætlun, byggir á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Í viðauka I má finna lista yfir gildandi lög og reglugerðir sem varða úrgangsmál.

Frá útkomu Landsáætlunar 2004-2016, árið 2004, hafa verið gerðar nokkra breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs. Þar ber helst að telja:

1. Lög nr. 73/2008, er lagastoð fyrir ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB um raf- og rafeindatækjaúrgang. Frá og með 1. janúar 2009 bera framleiðendur og



innflytjendur raf- og rafeindatækja aukna ábyrgð á þeim tækjum sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn. Í því felst að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs að frátalinni söfnun til söfnunarstöðvar sveitarfélaga og nær ábyrgðin til landsins alls án tillits til þess hvar varan er seld. Skulu þeir uppfylla þessa skyldu sína með aðild að skilakerfi. Merkja skal raf- og rafeindatæki með mynd af yfirstrikaðri sorptunnu, en merkið gefur til kynna að safna skuli tækjunum sérstaklega. Framleiðendum og innflytjendum ber að upplýsa kaupendur um að heimilt sé að skila raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum til móttökustöðva sveitarfélaga án greiðslu og að þeir ábyrgist meðhöndlun hans.

2. Lög nr. 93/2009, er lagastoð fyrir ákvæði reglugerðar Evrópuþings og ráðs nr. 1013/2006/EB um flutning úrgangs.

Evrópusambandið hefur samþykkt nokkrar tilskipanir sem eru hluti að EES-samningnum en hafa ekki ennþá verið innleiddar í íslenska löggjöf. Gert er ráð fyrir að þær verði innleiddar á árinu 2010. Um er að ræða eftirfarandi gerðir:

Tilskipun 2008/98/EB, um úrgang.

Tilskipunin kemur í stað þriggja eldri tilskipana sem falla úr gildi². Aðalmarkmið nýju tilskipunarinnar eru að lágmarka neikvæð áhrif úrgangs á heilsu og umhverfi og að draga úr notkun auðlinda. Sett er fram eftirfarandi forgangsroðun um meðhöndlun úrgangs:

1. Að draga úr myndun úrgangs
2. Undirbúningur fyrir endurnotkun
3. Endurvinnsla
4. Önnur endurnýting (t.d. orkuvinnsla)
5. Förgun

² Tilskipun 75/439/EBE, tilskipun 91/689/EBE og tilskipun 2006/12/EB

Samkvæmt tilskipuninni skal endurmeta landsáætlun og svæðisáætlanir um úrgang á a.m.k. sex ára fresti og endurskoða þær eftir þörfum.

Helstu nýmæli tilskipunarinnar eru:

Breytt skilgreining á úrgangi og endurnýtingu m.a. í þeim tilgangi að gera skilin þar á milli skýrari. Einnig er markmiðið að skilgreina hvenær úrgangur hættir að vera úrgangur (end of waste). Þá er stefnt fastar að því markmiði að draga úr myndum úrgangs og lögð áhersla á leiðir sem skoða allan lífsferil vöru en ekki bara úrgangsmeðhöndlunina. Til að mynda skal gefa út áætlanir sem fjalla um leiðir til þess að koma í veg fyrir myndun úrgangs. Einnig er hvatt til endurnýtingar og notkunar endurnýtttra efna í þeim tilgangi að varðveita hráefni. Efni eða hlutur sem verður til í framleiðsluferli, sem ekki er ætlað að framleiða umrætt efni eða hlut, er ekki úrgangur heldur aukaafurð, að uppfylltum vissum skilyrðum. Jafnframt skal tiltekinn úrgangur ekki flokkast sem úrgangur þegar hann hefur verið endurnýttur, t.d. endurunninn, og uppfyllir sett skilyrði. Í samræmi við mengunarbótaregluna er hvatt til aukinnar framleiðendaábyrgðar.

Tilskipun 2006/21/EB um námuúrgang

Tilskipun um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði setur reglur um meðhöndlun og geymslu hættulegs úrgangs frá jarðefnavinnslu og námuiðnaði á landi. Þennan úrgang skal meðhöndla á þann hátt að hann skaði hvorki heilsu né umhverfi, einnig eftir lokun námu. Sérstaklega skal vernda vatnsból. Þeir sem bera ábyrgð á meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði, skulu gera úrgangsáætlun sem miðar af því að lágmarka úrgang og ákveða meðhöndlun, endurnýtingu eða förgun á námuúrgangi. Hafa skal sjálfbærni í huga við áætlanagerð. Einnig er skylt að gera viðbragðsáætlanir vegna mengunarhættu og upplýsa almenning um þær. Þá þurfa námuúrgangsstaðir þurfa starfsleyfi.

Tilskipun 2006/66/EB um rafhlöður

Í tilskipun um rafhlöður og rafgeyma og úrgangsraflöður og -rafgeyma eru settar fram reglur um hvaða rafhlöður og rafgeyma er heimilt að setja á markað. Sett eru mörk fyrir hámarksinnihald kvikasilfurs í rafgeymum (0,0005%) og kadmíums í rafhlöðum til almennra nota. Einnig eru t.d. sett ákvæði um söfnun, meðhöndlun, endurvinnslu og förgun á úrgangsraflöðum og -rafgeymum.

Kveðið er á um að framleiðendur rafhlaðna og rafgeyma skuli fjármagna kostnað við söfnun, meðhöndlun og endurnýtingu á rafhlöðum og rafgeymum. Einnig er þeim gert að kosta kynningu til almennings um mikilvægi þess að flokka rafhlöður, um flokkunaraðferðir, og hættu sem kann að stafa af úrgangsraflöðum. Söfnunarstaðir fyrir færanlegar rafhlöður og rafgeyma skulu vera til staðar í þéttbýli og þjónustan skal vera án endurgjalds fyrir almenning. Gerð er krafa um að seljendur rafhlaðna og rafgeyma taki við úrgangsraflöðum og -rafgeymum, um leið og ný vara er afhent. Samkvæmt tilskipuninni er skylt að endurnýta allar rafhlöður og rafgeyma sem er safnað frá og með 26. september 2009 og fyrir 26. september 2010 er sett fram skylda um lágmarks endurnotkunarhlutfall. Frá og með 26. september 2012 skal safna að minnsta kosti 25% af öllum úrgangsraflöðum eða -rafgeymum og frá 26. september 2016 skal hlutfallið vera að lágmarki 45%.


Staða mála á Íslandi

Í þessum kafla eru tilgreindar þær grunnupplýsingar um úrgang sem áætlunarhlutinn byggir á. Fjallað er um magn og uppruna úrgangs, meðhöndlun hans og útflutning á úrgangi.

Magn og uppruni

Á Íslandi hefur heildarmagn úrgangs síðustu ár aukist umfram íbúafjölgun. Árið 1995 var magn úrgangs rúm 1500 kg á íbúa á ári en var komið í tæp 1800 kg á íbúa árið 2007. Hrein aukning á magni úrgangs á þessum 13 árum, þar sem magnaukning vegna fólksfjölgunar kemur til frádráttar, var því um fimmtungur. Nýjustu gögn benda hins vegar til þess að heildarmagn úrgangs hafi dregist verulega saman frá síðustu mánuðum ársins 2008 og endurspeglar það breytt efnahagsástand og neyslumunstur.

Á mynd 1 má sjá magn og tegundir úrgangs (í kg) (flokkað eftir uppruna) sem til féll á Íslandi að meðaltali miðað við hvern íbúa á tímabilinu 1995-2007.




Í Viðauka V. er að finna töflu sem sýnir nánar magn og samsetningu úrgangs sem féll til á árunum 1995 - 2008. Skráning á magni og tegundum úrgangs sem fellur til er í stöðugri þróun og verður sífellt áreiðanlegri. Það er árangur af samstarfi sveitarfélaga, fyrirtækja í þessum geira, heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar. Stöðugt bætast við fleiri úrgangsflokkar sem eru skráðir sérstaklega. Þetta gerir samanburð á milli ára oft erfiðan og einkum varð mikil breyting á árinu 2008. Eflaust má skýra einhvern hluta af aukningu á magni úrgangs milli ára með betri skráningu.

Meðhöndlun úrgangs

Þrátt fyrir að ekki hafi tekist að draga úr myndun úrgangs á liðnum árum þá skiptir meðhöndlun úrgangsins líka miklu máli. Stærstur hluti úrgangs sem myndast á Íslandi, eða um 53%, er endurunninn og hlutfall þess sem er urðað hefur lækkað, frá því að vera 76% árið 1995 í um 41% árið 2007. Einnig hefur dregið úr brennslu úrgangs um 4% af heildarmagni. Þá hefur nýjum brennslustöðvum fjölgað sem brenna úrgang við hærra hitastig en áður og nýta orkuna. Þannig hefur dregið verulega úr hlutfalli þess úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar. Á síðustu árum hafa því orðið miklar framfarir við meðhöndlun úrgangs hér á landi. Endurvinnsla úrgangs hefur aukist og meðal þess úrgangs sem er nú endurunninn, er pappi, plast, brotamálmar og úrgangur frá orkufrekum iðnaði (t.d. kerbrot frá álverum). Að stærstum hluta fer endurvinnsla úrgangs fram erlendis, en jafnframt er mikil framþróun í endurvinnslu hér á landi og þá sérstaklega í jarðgerð og endurvinnslu á plasti.

Mynd 2: Samanburður á meðhöndlun úrgangs, árin 1995 og 2007.



Söfnun heimilisúrgangs er á ábyrgð sveitarfélaga og í Evrópu hefur hann í gegnum tíðina að mestu leyti verið urðaður. Breyting hefur orðið á því á undanförunum árum og hefur brennsla aukist sem og jarðgerð auk endurvinnslu glers, málma, plasts og annarra efna. Urðun fylgja margvíslegir ókostir, svo sem losun metans, sem er öflug gróðurhúsalofttegund, önnur mengun, meindýr og landrask. Slíkt hefur áhrif á heilsu manna og umhverfisgæði. Mikilvægt er því að meðhöndla úrgang eftir bestu fánlegum leiðum sem bjóðast hverju sinni þ.m.t. að endurvinnna hann sé það mögulegt. Áhrifaríkast og ódýrast er þó að draga úr myndun úrgangs.

Hafa markmið fyrri landsáætlunar náðst?

Í landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016 voru sett fram töluleg mælanleg markmið, sbr. eftirfarandi töflu:

Tafla 1: Árangursmat markmiða í Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016.

Tímamörk	Markmið	Mat
1. janúar 2006	Endurnotkun og endurvinnsla úr sér genginna ökutækja verði að lágmarki 85%, þar af að endurnotkun og endurnýting að lágmarki 80% af þyngds hvers ökutækis.	Árið 2008 féll til rúmlega 38.000 tonn af úr sér gengnum ökutækjum. Allur vökví er hreinsaður af þeim (bensín, olíur o.þ.h) og rafgeymar teknir úr. 94% af hverju ökutæki var endurnotað eða endurnýtt og 78% endurnotað eða endurunníð. Úr sér gengin ökutæki falla undir Úrvinnslusjóð.
2009	Lífrænn heimilisúrgangur sem berst til urðunarstaða skal hafa minnkað niður í 75% af heildarmagni ársins 1995. Annar lífrænn úrgangur (rekstrarúrgangur) sem berst til urðunarstaða skal hafa minnkað niður í 75% af heildarmagni ársins 1995	Samkvæmt gögnum Umhverfisstofnunar hefur dregið úr urðun á lífrænum úrgangi samanber sett markmið og árið 2007 hafði markmið ársins 2009 þegar náðst. Skiptingin á milli heimilisúrgangs og rekstrarúrgangs er ekki mjög nákvæm og virðist hafa dregið meira úr urðun á lífrænum rekstrarúrgangi en lífrænum heimilisúrgangi.
16. júlí 2006	Bannað verður að urða kurluð dekk	Bann við urðun á kurluðum dekkjum var sett í reglugerð nr. 239/2003 um urðun úrgangs, og tók ákvæðið gildi 16. júlí 2006. Dekkjaúrgangur er, samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar, brenndur með orkunýtingu, notaður sem byggingarefni á urðunarstöðum eða sending til útlanda í endurvinnslu.
16. júlí 2009	Starfandi urðunarstaðir hafi lagað sig að þeim kröfum sem gerðar eru í reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs	Miðað við magn úrgangs sem fer til urðunar, má áætla að þessu markmiði sé náð að hálfu. Gasi er safnað af helmingi urðaðs úrgangs, en aðrir urðunarstaðir hafa undanþágu til 16. júlí 2011. Jarðfræðilegan tálma vantar alls staðar. Helmingur úrgangs er urðaður á stöðum sem eru með tilbúna þéttingu í botni. Kröfur um móttöku er uppfylltar í flestum tilvikum, einnig kröfur um sigvatnssöfnun og fleira.
2001	Koma í veg fyrir myndun umbúðaúrgangs: Endurnýta skal að lágmarki 50% og hámarki 65%, þar af minnst 25% og mest 45% af þyngd umbúðarefni í umbúðaúrgangi endurunníð og þar af minnst 15% af þyngd hvers umbúðarefnis fyrir sig.	Árið 2008 var 65% af umbúðaúrgangi endurnýtt (37% árið 2002), þar sem endurnýting hvers umbúðarefnis er á bilinu 42.4% til 81.5%, sjá viðauka VI. 24.2% af plastúrgangi er endurunníð en ekkert gler er endurunníð.
Ekki tímasett	Að safnað verði 4. kg af raftækjaúrgangi á íbúa og úrgangurinn meðhöndlaður á viðeigandi hátt	Árið 2007 var safnað 3.000 tonnum af raf- og rafeindatækjaúrgangi (9,6 kg á íbúa). Árið 2009 var safnað 925 tonnum af raf- og rafeindatækjaúrgangi.

ÁHERSLUR TIL FRAMTÍÐAR

Sjálfbær meðhöndlun úrgangs er það markmið sem stefnt er að í landsáætlun um úrgang. Ljóst er að til þess að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið í lögum og reglugerðum um meðhöndlun úrgangs þarf samhæfðar aðgerðir margra aðila. Landsáætlun um úrgang er ætlað að setja fram helstu áhersluatriði í úrgangsmálum til framtíðar og þannig stuðla að samhæfðum aðgerðum sem hafa það að meginmarkmiði að draga úr myndun úrgangs og auka endurnýtingu á þeim úrgangi sem verður til. Áhersla er lögð á að rjúfa tengsl milli hagvaxtar og myndunar úrgangs, tryggja að flestar vörur séu endurnýttar eða endurnotaðar og að nýta þá orku sem verður til við urðun eða brennslu úrgangs. Horfa verður til nýrra tækifæra sem skapast í kringum endurnýtingu úrgangs og að verið sé að skapa þörf sem getur leitt af sér ný tækifæri og nýsköpun fyrir íslenskt atvinnulíf. Í dag er hluti úrgangs fluttur utan til endanlegrar meðferðar en áhersla verður lögð á að styrkja endurvinnslu hér á landi og þannig skapa ný tækifæri og ný störf.

Mikilvægt er að nota efnahagslega hvata til að tryggja að náð verði settum markmiðum. Þar ber helst að nefna skatt á urðun sem væri sérgreindur og færi til sveitarfélaga til að aðstoða þau við að draga úr myndun úrgangs. Mikilvægt er að hafa í huga að Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir því að á komandi árum muni urðunarstöðum fækka umtalsvert og því er mikilvægt að dregið verði sem mest úr myndun úrgangs til þess að lækka kostnað.

Eins og að framan greinir er ljóst að til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt þarf samvinnu margra aðila í samfélaginu. Hver og einn verður að bera ábyrgð:

Framleiðendur og innflytjendur þurfa að framleiða eða flytja inn vörur sem innihalda meira af endurunnum efnum. Þeir þurfa að hanna vörur m.t.t. góðrar nýtingar á hráefni og bera ábyrgð á umhverfisáhrifum vöru sinnar á öllum lífsferli hennar. Innleiðing framleiðendaábyrgðar er mikilvæg.

Verðslanir þurfa að draga úr magni umbúða og markaðssetja vörur sem eru betri fyrir umhverfið og hafa í för með sér minni sóun.

Neytendur, bæði fyrirtæki og einstaklingar, hafa tækifæri til að draga úr myndun úrgangs með því að kaupa vörur og þjónustu sem hafa í för með sér minni úrgangsmýndun og minni neikvæð umhverfisáhrif.

Sveitarfélög þurfa að hafa forgöngu um eða bjóða upp á flokkun á úrgangi til á endurvinnslu, bæði fyrir íbúa og fyrirtæki og veita ráðleggingar um hvernig eigi að draga úr myndun úrgangs. Þau þurfa í samvinnu við sína íbúa að fjárfesta í innviðum sem auðvelda flokkun úrgangs til endurvinnslu.

Fyrirtæki sem starfa við meðhöndlun úrgangs þurfa að bjóða upp á flokkun úrgangs til endurvinnslu og auka þjónustu sem auðveldar viðskiptavinum að draga úr myndun úrgangs og hvetur til endurvinnslu.

Ljóst er að það eru margar áskoranir framundan sem framangreindir aðilar þurfa að takast á við. Mikilvægt er að þessir aðilar hafi samráð sín á milli og hlusti á kröfur samfélagsins. Á Umhverfisþingi sem haldið var haustið 2009 komu m.a. fram ábendingar frá ungmennum, sem bentu á að aðstoða til þess að flokka úrgang væri að þeirra mati ónóg og ekki hvetjandi og erfitt gæti verið fyrir ungmenni að komast á endurvinnslustöðvar. Búið væri að skapa kerfi fyrir einnota drykkjarvöruumbúðir sem gerir ráð fyrir að sá sem skilar umbúðum hafi aðgengi að

einkabíl og geymslurými. Þannig hafi ábyrgðin á skilum á drykkjarvöruumbúðum frá ungmennum, sem eru stórir neytendur gosdrykkja, færst yfir á foreldra. Stjórnvöld hafa ekki farið þá leið að leggja þær kröfur á seljendur að þeir taki við vörunni aftur þegar hún er orðin að úrgangi. Þetta er leið sem vert er að skoða nánar. Jafnframt er æskilegt að gera úttektir á hvort hægt sé að ná markmiðum um endurnýtingu og endurnotkun án þess að auðvelda aðgengi neytenda að stöðum þar sem hægt er að skila vörunni að endingartíma loknum og jafnframt ýta undir að verslanir bjóði upp á vörur sem auðvelt er að endurnýta og endurnota.

Skapa þarf kerfi þar sem tryggt er að allir stefni að sama marki. Beita þarf hvötum sem tryggja að greitt sé fyrir raunverulegan kostnað við úrvinnslu. Sérstaklega þarf að huga að því að skapa kerfi sem hefur innbyggða hvata sem leiða til minnkunar úrgangs. Ein leiðin til að draga úr myndun úrgangs er að heimili og fyrirtæki greiði fyrir úrgang í samræmi við þyngd eða rúmmál. Það hefur sýnt sig að þá gera neytendur kröfu um vöru með minni umbúðir og skilja jafnvel óþarfa umbúðir eftir í verslunum. Það hefði síðan áhrif á verslunareigendur sem myndu óska eftir vöru í minni umbúðum, sem aftur myndi hvetja til nýrra lausna í umbúðahönnun.

Það er ekki nægjanlegt eitt og sér að hafa fjármuni til þess að greiða fyrir endurvinnslu, heldur er einnig mikilvægt að hafa í huga það meginmarkmið að draga úr myndun úrgangs. Til þess þarf samspil neytenda, söluaðila, stjórnvalda og framleiðenda.

Áætlun um meðhöndlun úrgangs 2010 -2022

Í þessum kafla landsáætlunar eru talin upp þau atriði sem lögð verður áhersla á á tímabilinu 2010 – 2022. Þessi kafla skiptist í tvennt, annars vegar almennan hluta (A-hluta) og hins vegar hluta sem snýr að einstökum úrgangsflokkum (B-hluta).

Í A-hluta eru sett fram almenn markmið sem byggja m.a. á forgangsröðun varðandi meðhöndlun úrgangs, sjálfbæra þróun, mengunarbótareglu sem og aukið gagnsæi og betri miðlun upplýsinga.

1. Dregið verði úr myndun úrgangs
2. Endurvinnsla og endurnýting verði aukin
3. Fræðsla og þekking verði efla
4. Laga- og reglugerðaumhverfi verði bætt

Í B-hluta eru sett fram töluleg, tímasett markmið innan gildistíma landsáætlunarinnar. Þau byggjast á markmiðum sem þegar hafa verið sett í lög og reglugerðir, koma fram í Evrópugerðum eða í drögum að EB-gerðum og loks eru sett fram séríslensk markmið. Tölulegu markmiðin ná yfir helstu úrgangsflokka þ.e.: lífrænan úrgang, umbúðaúrgang, raf- og rafeindatækjaúrgang, úr sér gengin ökutæki, byggingarúrgang, heimilisúrgang, spilliefni svo og rafhlöður og rafgeyma

A-hluti - Almenn

1. Dregið verði úr myndun úrgangs með því að:

- a. sveitarfélög innheimti gjöld sem endurspegla raunkostnað fyrir alla meðhöndlun úrgangs.
- b. Umhverfisstofnun setji upp heimasíðu um úrgang sem innihaldi leiðbeiningar um lágmörkun úrgangs, flokkun, endurnotkun og endurvinnslu og leiðir til að ná því markmiði að sem minnst af úrgangi fari í endanlega förgun.
- c. hvetja til framleiðslu vara sem miða að því að lágmarka úrgang við lok endingartíma vöru.
- d. hvetja til notkunar hættuminni efna við framleiðslu vara, t.d. með því að hvetja til notkunar umhverfismerkttra vara og hvetja til umhverfissvænna innkaupa (sjá einnig markmið undir A-3).
- e. framleiðendaábyrgð verði efla.

2. Endurvinnsla og endurnýting verði aukin með því að:

- a. hægt verði að skila í auknum mæli tilteknum úrgangsflokkum á sölustaði til hægðarauka fyrir neytendur. Dæmi um slíka úrgangsflokka væru rafhlöður og skilagjaldsskyldar drykkjarvöruumbúðir.
- b. auka flokkun úrgangs umfram það sem er í dag. Úrgangur verði flokkaður ef það er umhverfislega, tæknilega og fjárhagslega hagkvæmt að endurvinnna hann.
- c. auka þjónustu hjá sveitarfélögunum varðandi flokkun úrgangs. Niðurstöður kannana³ benda til þess að hægt sé að auka úrgangsflokkum með hærra þjónustustigi.
- d. hvetja til aukinnar notkunar á vörum úr endurunnu hráefni. Skoðaðar verði leiðir til að nýta úrgang sem hráefni eða eldsneyti og rannsóknir og nýsköpun á þeim vettvangi verði eflað m.a. með samstafi við hlutaðeigandi aðila. Aukin verði notkun auðkenningarkerfis á plastumbúðir þannig að auðveldara sé að flokka þær og á þann hátt greitt fyrir söfnun og endurnýtingu.

3. Fræðsla og þekking verði eflað hjá almenningi, framleiðendum og fyrirtækjum sem vinna að úrgangsmálum með því að:

- a. Umhverfisstofnun leiði samráð þeirra sem koma að fræðslu og upplýsingagjöf varðandi úrgangsmál.
- b. kynna forgangsröðun varðandi meðhöndlun úrgangs.
- c. kynna af hverju verið sé að endurvinnna úrgang. Leggja t.d. áherslu á aukinn ávinning fyrir umhverfið, bættu nýtingu auðlinda og orkusparnað.
- d. efla þekkingu og áhuga almennings, fyrirtækja og stofnana á umhverfismerktum vörum.
- e. fyrirtækjum og stofnunum verði leiðbeint um vistvæn innkaup.
- f. hvetja til notkunar hættuminni efna við framleiðslu.
- g. hvetja fyrirtæki og stofnanir til að setja sér umhverfisstefnu og starfa samkvæmt henni.
- h. hvetja fyrirtæki og stofnanir til að taka upp umhverfisstjórnunarkerfi.

³ Skýrsla Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, „Könnun á neysluvenjum og viðhorfum til endurvinnslu, bls. 36

4. Umbætur verði gerðar á laga- og reglugerðarumhverfi úrgangsmála með því að:

- a.** endurskoða lög um meðhöndlun úrgangs fyrir árslok 2012, með hliðsjón af forgangsröðun stjórnvalda í úrgangsmálum. Í því felst að koma í veg fyrir myndun úrgangs, auka undirbúning fyrir endurnotkun, auka endurvinnslu, endurnýtingu og að leggja áherslu á að förgun úrgangs sé lokaúrræði.
- b.** endurskoða skilgreiningar í lögum og reglugerðum er varða úrgang og leggja áherslu á að skerpa skil á milli heimilisúrgangs og rekstrarúrgangs, sem og milli förgunar og endurnýtingar.
- c.** ábyrgð einstakra aðila varðandi skyldu til að ná tölulegum markmiðum, upplýsingaskyldu og fleira verði skýrari og afmarkaðri. Sjá greiningu í Viðauka IV, einnig B-2.
- d.** mengunarbótareglan - sá borgar sem mengar - verði innleidd.
- e.** bæta upplýsingar til Umhverfisstofnunar um magn úrgangs frá fyrirtækjum sem meðhöndla úrgang.
- f.** bæta upplýsingagjöf Umhverfisstofnunar til almennings og fyrirtækja.

B-hluti Einstakir úrgangsflokkar
Lífrænn úrgangur


- Frá árinu 2013 fari að hámarki 50% af lífrænum úrgangi til urðunar á ári miðað við það magn af lífrænum úrgangi sem féll til árið 1995
- Frá árinu 2020 fari að hámarki 35% af lífrænum úrgangi á ári til urðunar miðað við það magn af lífrænum úrgangi sem féll til árið 1995.
- Bannað verði að urða ómeðhöndlaðan sláturúrgang
- Hvatt verði til heimajarðgerðar

Umbúðaúrgangur


- Ábyrgð einstakra aðila, sveitarfélaga, Úrvinnslusjóðs og atvinnulífsins á að ná tölulegum markmiðum verði skýr, sjá einnig markmið A-4.
- Frá árinu 2011 skulu minnst 60% af þyngd alls umbúðaúrgangs endurnýtt eða brennd í sorpbrennslustöð með orkuvinnslu.
- Frá árinu 2011 verði endurvinnsla að lágmarki 60% af þyngd fyrir gler, 60% af þyngd fyrir pappír og pappa, 50% af þyngd fyrir málna, 22,5% af þyngd fyrir plast (þ.e. eingöngu plast sem er endurunnið aftur í plast) og 15 % af þyngd fyrir timbur.
- Hvatt verði til aukinnar kranavatnsdrykkju, þar sem vatn úr flöskum veldur auknu umbúðamagni í umferð.
- Við meðhöndlun drykkjarvöruumbúða verði endurnotkun höfð að leiðarljósi.

Raftækjaúrgangur


- Í árslok 2010 verði markaðshlutdeild framleiðenda, útflytjenda og innflytjenda í skilakerfum komin í 95%, miðað við það magn sem sett er á markað árlega.
- Að lágmarki 80% af söfnuðum raf- og rafeindatækjaúrgangi í vöruflokkum 1 og 10 verði endurnýtt og endurnotkun og endurvinnsla íhluta, efniviðar og efna verði a.m.k. 75% miðað við meðalþyngd hvers tækis.
- Að lágmarki 75% af söfnuðum raf- og rafeindatækjaúrgangi í vöruflokkum 3 og 4 verði endurnýtt og endurnotkun og endurvinnsla íhluta, efniviðar og efna verði a.m.k. 65% miðað við meðalþyngd hvers tækis.

- d. Að lágmarki 70% af söfnuðum raf- og rafeindatækjaúrgangi í vöruflokkum 2, 5, 6, 7 og 9 verði endurnýtt og endurnotkun og endurvinnsla íhluta, efniviðar og efna verði a.m.k. 50% miðað við meðalþyngd hvers tækis.
- e. Árið 2016 verði safnað sérstaklega raf- og raftækjaúrgangi sem svarar til 65% af þyngd þeirra raf- og rafeindatækja sem sett verða á íslenskan markað það ár.

B-hluti Einstakir úrgangsflokkar

Úr sér gengin ökutæki

- a. Endurnotkun og endurnýting ökutækja verði að lágmarki 85% og á sama tíma verði endurnotkun og endurvinnsla að lágmarki 80% af meðalþyngd ökutækis.
- b. Árið 2015 verði endurnotkun og endurnýting ökutækja að lágmarki 95% og á sama tíma verði endurnotkun og endurvinnsla að lágmarki 85% af meðalþyngd ökutækis.

Byggingarúrgangur



- a. Árið 2020 verði að lágmarki 70% af heildarþyngd óvirks byggingarúrgangs, að undanskildu náttúrulegu efni í flokki 17 05 04 í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, undirbúin fyrir endurnotkun, endurvinnslu eða endurnýtingu með öðrum hætti, að meðtalinni notkun byggingarúrgangs sem uppfyllingarefnis.

Heimilisúrgangur



- a. Árið 2020 verði að lágmarki 50% af pappír, málm, plasti og gleri frá heimilum undirbúið fyrir endurnotkun, endurunnið eða endurnýtt með öðrum hætti.

Spilliefni

- a. Dregið verði úr myndun spilliefna með upplýsingagjöf til almennings og fyrirtækja.
- b. Móttaka á söfnunarstöðvum verði örugg og trygg og

valdi ekki skaða á umhverfi.

Rafhlöður og rafgeymar



- a. Árið 2012 verði að lágmarki 25% af litlum úrgangsrafhloðum eða úrgangsráfgeymum, sem ekki eru notaðir í bíla eða í iðnaði, safnað sérstaklega og komið í viðeigandi endurnýtingu.
- b. Árið 2016 verði að lágmarki 45% af litlum úrgangsrafhloðum eða úrgangsráfgeymum, sem ekki eru notaðir í bíla eða í iðnaði, safnað sérstaklega og komið í viðeigandi endurnýtingu.



VIÐAUKI I. LÖG OG REGLUGERÐIR

HELSTU LÖG OG REGLUGERÐIR ER VARÐA MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS⁴:

Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs

Lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum

Lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni

Lög nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengum af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur

Almennt

Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs

Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit

Reglugerð nr. 1124/2005 um úrvinnslugjald

Reglugerð nr. 224/2005 um gildistöku EES-gerða um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og frá Evrópubandalaginu

Úrgangsflokkar

Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni

Reglugerð nr. 609/1996 um umbúðir og umbúðaúrgang

Reglugerð nr. 820/2007 um meðferð og nýtingu á slátur- og dýraleifum.

Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru

Reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang

Reglugerð nr. 328/2000 um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur

Reglugerð nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja

Reglugerð nr. 1104/2008 um raf- og rafeindatækjaúrgang

Reglugerð nr. 705/2009 um asbestúrgang

Reglugerð nr. 739/2009 um hreinsun og förgun PCB og staðgengilsefna þess

Förgun úrgangs

Reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs

Reglugerð nr. 739/2003 um brennslu úrgangs

VIÐAUKI II. OPINBER STEFNUMÖRKUN Í ÚRGANGSMÁLUM

4 Ath. Lög og reglugerðir er m.a. að finna á www.rettarheimild.is

Forgangsröðun varðandi úrgang

•-A. í gildandi lögum og reglugerðum.

- að draga úr magni úrgangs

- að endurnota

- að endurnýta

- endanleg förgun

verði með skipulögðum hætti þannig að úrgangur nái jafnvægi við umhverfis sitt á sem skemmstum tíma og eftirfarandi forgangsröðun gildi, a) brennsla til orkuvinnslu, b) brennsla án orkuvinnslu og loks c) urðun

•-B í tilskipun 2008/98 um úrgang, sem tekin verður upp í löggjöf hér á landi á næstu árum.

- að draga úr myndun úrgangs

- undirbúningur fyrir endurnotkun

- endurvinnsla

- önnur endurnýting (t.d. orkuvinnsla)

- endanleg förgun

Velferð til framtíðar

- Árið 2005 kom út skýrslan Velferð til framtíðar 2006-2009. Í henni komu meðal annars fram markmið umhverfisráðuneytis um úrgangsmál (markmið 13):

- Minnkun og bætt meðhöndlun úrgangs*

- Dregið verði úr myndun úrgangs eftir því sem kostur er og hann meðhöndlaður þannig að hann valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum á umhverfið. Tryggja þarf að spilliefni berist ekki út í umhverfið.*

- Náð verði tölulegum markmiðum um aukna endurnýtingu úrgangs, s.s. umbúðaúrgangs, lífræns úrgangs, rafeindabúnaðar og raftækja.*

- Við verðmyndun vöru verði gert ráð fyrir förgunarkostnaði.*

- Auk markmiðanna voru tilteknar eftirfarandi leiðir:

- Ábyrgð framleiðenda á úrvinnslu úrgangs verður aukin.*

- Gengið verður eftir að áætlanir sveitarstjórna um sorphirðu verði unnar á grundvelli fyrirliggjandi landsáætlunar.*

- Óheimilt verður að urða sláturúrgang frá og með 1. janúar 2009 og annan lífrænan úrgang eigi síðar en árið 2015. Leitað verður leiða til að endurvinna þennan úrgang eða farga honum með öruggum hætti.*

- Auka skal nýtingu orku sem myndast við bruna úrgangs í sorpbrennslustöðvum.*

- Nýjar áherslur varðandi leiðir að markmiðum í Velferð til framtíðar 2010- 2013 að þeim eru:

- Lög og reglur um meðhöndlun úrgangs og endurvinnslu verða endurskoðuð með það að markmiði að söfnun og endurvinnsla úrgangs hafi þarfir almennings og umhverfisins að leiðarljósi þannig að markmið um minni urðun og meiri endurvinnslu náist.*

- Ný rammatilskipun um úrgang verður innleidd í lögum með það að fyrir augum að tryggja vend umhverfis og heilsu manna. Þetta verður meðal annars gert með því að koma í veg fyrir óæskileg áhrif af myndun og meðhöndlun úrgangs og með því að minnka heildaráhrif vegna meðhöndlunar úrgangs og bæta nýtingu auðlinda.*

- Umhverfisráðuneytið hefur einnig gefið út ritið Umhverfi og auðlindir (2009).

Framkvæmdaáætlun í umhverfismálum 2009-2012

- Norræna ráðherranefndin gaf árið 2008 út Framkvæmdaáætlun í umhverfismálum 2009-2012 (Miljöhandlingsprogram 2009-2012). Í framkvæmdaáætluninni koma fram þrjú markmið sem tengjast úrgangsmálum, ýmist beint eða óbeint
- **Markmið:**
 - Neysla og framleiðsla verði sjálfbær og miði að því að bæta heilsufar og umhverfi og auki jafnframt skilvirkni við nýtingu auðlinda.
- **Markmið:**
 - Tekist hafi að lágmarka umhverfis- og heilsufarsáhrif af völdum efna og efnavöru í framleiðsluvörum og losun sé haldið í skefjum.
- **Forgangsverkefni:**
 - Hafa áhrif á gerð og framkvæmd rammatilskipunar EB um úrgang sem og annarra tilskipana sem fjalla um úrgang auk nýrrar rammatilskipunar um jarðvegsvernd.
- **Forgangsverkefni:**
 - Auka samlegðaráhrif stefnumótunar um efni og efnavörur, framleiðsluvörur og úrgang í því skyni að gera hringrás og endurvinnslu úrgangsefna öruggari og skilvirkari.
- **Markmið**
 - Umhverfisáhrif vöru og úrgangs frá sjónarhorni hringrásarhugsunar verði hverfandi.
- **Forgangsverkefni**
 - Þróa frekar stjórnþæki og skapa forsendur fyrir aukinni nýtni efna og orku, meðal annars með því að Norðurlöndin taki þátt í framkvæmd EB-tilskipunar um vistvæna vöruhönnun og EB-rammatilskipunar um úrgang.

Markmið Umhverfisstofnunar

- Umhverfisstofnun setti fram fimm ára markmið í helstu málaflokkum á sviði stofnunarinnar árið 2009. Þar var m.a. að finna markmið varðandi meðhöndlun úrgangs (markmið 2.2.1).
- **Stefna og markmið Umhverfisstofnunar til ársins 2014**
 - **Draga úr myndun úrgangs og auka endurvinnslu hans.**
 - Fræða almenning um myndun, flokkun, endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs.
 - Auka framleiðendaábyrgð varðandi endurvinnslu, endurnýtingu og förgun.
 - Endurskoða landsáætlun um úrgang með áherslu á skýra verkskiptingu og ábyrgð.
 - Auka samráð við atvinnulíf og sveitarfélög við gerð reglna til að draga úr myndun úrgangs.

VIÐAUKI III. ÁBYRGÐARSKIPTING Í GILDANDI LÖGUM

Hér að neðan er yfirlit yfir opinbera aðila og lögaðila sem bera ábyrgð á meðhöndlun úrgangs á Íslandi.

Sveitarfélög

- Sveitarstjórn ákveður fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. (4. gr. l. nr. 55/2003)
- Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisérgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu. (4. gr. l. nr. 55/2003)
- Söfnunarstöðvar sveitarfélaga skulu hafa aðstöðu fyrir móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum. Jafnframt skulu sveitarfélögin skulu veita leiðbeiningar um hvernig beri að flokka og skila raf- og rafeindatækjaúrgangi til söfnunarstöðva sveitarfélaga. (14. gr. l. nr. 55/2003)

Úrvinnslusjóður

- Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. (15. gr. l. nr. 162/2002)
- Úrvinnslusjóður skal með hagrænum hvötum koma upp skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem er tilkominn vegna vara sem falla undir lög þessi. Úrvinnslusjóður skal leitast við að skapa sem hagkvæmust skilyrði til úrvinnslu úrgangs. (15. gr. l. nr. 162/2002)
- Úrvinnslusjóði ber að ná á landsvísu tölulegum markmiðum um hlutfall pappa-, pappírs- og plastumbúðaúrgangs sem fara skal í endurnýtingu og endurvinnslu. (15. gr. l. nr. 162/2002)
- Úrvinnslusjóður skal ár hvert gera skýrslu um innheimtu og ráðstöfun úrvinnslugjalds eftir uppgjörsflokkum, svo og um magn og skilahlutfall gjaldskyldrar vöru og úrvinnslu hennar. (15. gr. l. nr. 162/2002)

Skilakerfi / Stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs

•Skilakerfi. (18. gr. l. nr. 55/2003)

•Hlutverk skilakerfis er að:

- a. kosta geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum á söfnunarstöðvum sveitarfélaga,
- b. tryggja söfnun og móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá söfnunarstöðvum sveitarfélaga og í samráði við sveitarfélögin, alls staðar á landinu,
- c. tryggja að raf- og rafeindatækjaúrgangur sé meðhöndlaður af atvinnurekstri sem hefur gilt starfsleyfi.


•Stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs. (19. gr. l. nr. 55/2003).

•Hlutverk stýrinefndar er að:

- a. halda skrá yfir framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja og hafa eftirlit með því að þeir séu skráðir í skráningarkerfið,
- b. reka skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda,
- c. safna upplýsingum frá skilakerfum um magn raf- og rafeindatækjaúrgangs og ráðstöfun hans og vinnslu þeirra upplýsinga og skila þeim til Umhverfisstofnunar,
- d. reikna hlutfall þess raf- og rafeindatækjaúrgangs sem einstökum skilakerfum ber að safna eftir flokkun sem fram kemur í viðauka I í samræmi við markaðshlutdeild,
- e. meta hvort skilakerfi uppfylli skyldur sínar,
- f. meta hvort skilakerfi geti staðið undir fjárhagslegum skuldbindingum sínum,
- g. móta stefnu um starfsemi sína, svo sem helstu áherslur, verkefni og starfshætti, og leggja fyrir ráðherra til staðfestingar.

VIÐAUKI IV. FÖRGUNARSTAÐIR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2009

Við árslok 2009 voru 22 starfsleyfi í gildi sem heimila förgun almenns úrgangs, þar af sextán fyrir urðunarstaði, fjögur fyrir brennslustöðvar og tvö fyrir hvort tveggja urðun og brennslu. Um mitt ár var urðunarstað á Fljótsdalshéraði lokað og um sama leyti féllu úr gildi starfsleyfi átta urðunarstaða. Þeir sóttu allir um ný starfsleyfi og starfa samkvæmt undanþágum frá starfsleyfi þar til ný verða gefin út. Í júlí fékk urðunarstaður í Sveitarfélaginu Ölfusi endurnýjað starfsleyfi en sá staður hætti síðan urðun úrgangs í desember 2009.



Á Íslandskorti hér fyrir neðan er dæmi um hugsanlega þróun yfir stöðvar þar sem förgun almenns úrgangs fer fram, sé horft til ársins 2030. Horft er til þess að stöðvunum muni fækka og stækka og þjónustuvæðin stækki um leið. Þetta dæmi sýnir hugsanleg 10 þjónustuvæði, en mögulega verða þau fleiri og skiptingin öðruvísi.



VIÐAUKI IV. SKILGREININGAR

Almennur úrgangur: úrgangur annar en spilliefni

Brennslustöð: hvers kyns tækniþúnaður sem notaður er til að brenna úrgang, hvort sem hitinn sem myndast við brennsluna er nýttur eða ekki.

Böggun: þjöppun úrgangs í bagga til að minnka rúmmál hans.

Endurnotkun: endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.

Endurnýting: hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, þ.m.t. endurvinnsla og orkuvinnsla.

Fljótandi úrgangur: úrgangur í vökvaformi, sbr. ÍST EN 12457 viðauki B, með þurrefnisinnihald undir 20%.

Flokkun: aðgreining úrgangstegunda til þess að hægt sé að endurnýta úrgangsefni og koma þeim úrgangi sem ekki nýtist til viðeigandi förgunar.

Flokkunarmiðstöð: staður þar sem tekið er við úrgangi sem er safnað saman kerfisbundið til flokkunar, til endurnýtingar og/eða til förgunar.

Flutningur: ferli þegar úrgangur er fluttur í atvinnuskyni til endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar.

Framleiðandi og innflytjandi: aðili sem, óháð þeirri sölutækni sem er notuð,

i. framleiðir og selur raf- og rafeindatæki undir eigin vörumerki,

ii. endurselur raf- og rafeindatæki, undir eigin vörumerki, sem aðrir birgjar framleiða; endursöluaðilinn telst þó ekki vera framleiðandi ef vörumerki framleiðandans er á tækjabúnaðinum eins og kveðið er á um í i. lið, eða

iii. flytur raf- og rafeindatæki inn eða út úr landinu í atvinnuskyni.

Framleiðandi úrgangs: aðili sem veldur því að úrgangur myndast.

Förgunarstaður: staður þar sem förgun úrgangs fer fram, m.a. urðunarstaðir og brennslustöðvar.

Förgun úrgangs: aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og/eða komið fyrir varanlega, svo sem urðun og sorpbrennsla.

Hauggas: allar gastegundir sem myndast við niðurbrot úrgangs á urðunarstað.

Heimilisúrgangur (sorp): úrgangur frá heimilum, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, garðaúrgangur, gler, timbur, málmar og sams konar leifar frá rekstraraðilum o.þ.h.

Landbúnaðarúrgangur: úrgangur frá landbúnaði, til dæmis húsdýraskítur, gamalt hey, heyrúlluplast og dýrahæ.

Lifrænn úrgangur (lifbrjótanlegur úrgangur): úrgangur sem er niðurbriótanlegur af örverum með eða án tilkomu súrefnis, t.d. matarleifar, garðúrgangur, sláturúrgangur, fiskúrgangur, ölgerðarhrat, húsdýraúrgangur, timbur, lýsi, garðyrkjuúrgangur, pappír og pappi, og seyra.

Meðferð úrgangs: meðhöndlun úrgangs önnur en endanleg förgun.

Meðhöndlun úrgangs: söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim hefur verið lokað.

Móttökustöð: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.

Óvirkur úrgangur: úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega.

Pökkun: þegar úrgangur er settur í umbúðir til að gera hann flutningshæfan og/eða til að geyma í lengri eða skemmri tíma.

Rekstraraðili: einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á viðkomandi atvinnurekstri.

Rekstrarúrgangur: úrgangur frá framleiðslu, þjónustu og verslun annar en heimilisúrgangur.

Raf- og rafeindatæki: búnaður sem þarf rafstraum eða rafsegulsvið til að geta starfað á réttan hátt og búnaður til að framleiða, flytja og mæla slíkan rafstraum og rafsegulsvið, sbr. viðauka I í lögum 55/2003

Raf- og rafeindatækjaúrgangur: raf- eða rafeindatæki sem er úrgangur, þ.m.t. allir íhlutir, undireiningar og aukahlutir sem eru hluti af búnaðinum.

Raf- og rafeindatækjaúrgangur frá heimilum: raf- og rafeindatækjaúrgangur sem kemur frá heimilum, einnig raf- og rafeindatækjaúrgangur frá verslun, iðnaði, stofnunum og annars staðar frá sem er að eðli og umfangi svipaður þeim sem kemur frá heimilum.

Rekstrarúrgangur: úrgangur frá framleiðslu, þjónustu og verslun, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, gler, timbur, málmar, leifar frá framleiðslu o.þ.h.

Seyra eru þau óhreinindi sem skilin eru frá fráveituvatni með botnfellingu, síun eða fleytingu án síu- eða ristarúrgangs, þ.e. eftir að forhreinsun hefur átt sér stað.

Tegundir seyru eru:

- seyra frá skólphreinsistöðvum, þ.e. húsaskólp eða skólp með sambærilega samsetningu,
- seyra frá rotþróum og sambærilegum mannvirkjum, c) seyra frá skólþstöðvum öðrum en a) og b).

Sigvatn: vökvi sem seytlar í gegnum urðunarstað og er veitt frá eða geymist í honum.

Skilakerfi: fyrirtæki eða aðili sem tekur að sér ábyrgð framleiðanda og innflytjanda á raf- og rafeindatækjaúrgangi.

Smitandi: efni sem innihalda lífvænlegar örverur eða eitrefni þeirra sem vitað er eða má ætla að geti valdið sjúkdómum í mönnum eða öðrum lífverum.

Sóttmengaður úrgangur: úrgangur frá heilbrigðisstofnunum sem er smitandi samkvæmt skilgreiningu í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annar úrgangur sem er smitandi.

Spilliefni: úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð um úrgang.

Söfnunarstöð (gámastöð): staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.

Tilkynnandi: hver sá sem hyggst flytja út úrgang eða láta flytja út úrgang og er skylt að tilkynna um það samkvæmt lögum þessum. Tilkynnandi er einn af eftirfarandi aðilum sem forgangsraðast svo: framleiðandi úrgangs, sá sem meðhöndlar úrgang, flytjandi úrgangs. Ef enginn af framangreindum aðilum er þekktur er tilkynnandi sá sem hefur úrgang í vörslu sinni.

Umbúðir: allar vörur sem framleiddar eru, úr hvaða efni sem er og af hvaða gerð sem er, til að halda utan um vöru, vernda hana, meðhöndla, flytja, afhenda og kynna hana, hvort sem um er að ræða hráefni eða fullunna vöru, á öllum stigum frá framleiðanda til endanlegs notanda. Einnota hlutir sem eru notaðir í sama tilgangi skulu einnig teljast til umbúða. Undir umbúðir falla aðeins:

- söluumbúðir eða grunnumbúðir (fyrsta stigs umbúðir), þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær söluveitingu fyrir endanlegan notanda eða neytanda;
- safnumbúðir (annars stigs umbúðir), þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær safn tiltekins fjölda söluveininga, hvort sem þær eru seldar sem slíkar til endanlegs notanda eða neytanda eða aðeins notaðar við geymslu í hillum á sölustað. Hægt er að fjarlægja vöruna úr þeim án þess að það hafi áhrif á eiginleika hennar;
- flutningsumbúðir (þriðja stigs umbúðir), þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að þær auðvelda meðferð og flutning tiltekins fjölda söluveininga eða safnumbúða til að koma í veg fyrir tjón á vörunni við meðferð hennar og flutning. Gámar til vöruflutninga á landleiðum, með skipum og flugvélum eru ekki taldir til flutningsumbúða.

Umflutningur: flutningur úrgangs í höfn eða á flugvöll og þaðan aftur án tollafgreiðslu.

Urðun: varsla úrgangs á eða í landi sem ekki felur í sér frekari vinnslu hans eða nýtingu um fyrirsjáanlega framtíð.

Urðunarstaður: staður þar sem tekið er við úrgangi til förgunar á eða í landi, þar á meðal urðunarstaður fyrir eigin úrgang og varanlegur staður þar sem úrgangur er geymdur til lengri tíma.

Úrgangur: hvers kyns efni eða hlutir sem framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni ákveður að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og skráður er á lista í reglugerð um úrgang.

Úrvinnsla úrgangs: söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, þökkun og förgun úrgangs.

VIÐAUKI V. MAGN OG TEGUNDIR ÚRGANGS Á ÁRUNUM 1995 TIL 2008

Í töflunni hér að neðan er að finna upplýsingar sem Umhverfisstofnun hefur safnað yfir það magn úrgangs sem hefur myndast og verið meðhöndlað á árunum 1995 – 2008. Spilliefni eru ekki með í heildarmagni úrgangs.

Magn úrgangs eftir uppruna 1995–2008

1.000 tonn	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Úrgangur samtals	391	401	411	421	431	442	453	465	476	493	523	546	583	721
Úrgangur frá sveitarfélögum, alls	114	117	120	123	126	130	133	137	140	147	158	170	177	158
Blandaður heimilsiúrgangur (sorphirða)	109	111	108	102	95	88	80	72	71	78	82	78	101	91
Flokkaður úrgangur frá sveitarfélögum	5	6	12	21	31	42	53	65	69	69	76	92	76	67
Garðaúrgangur	1	3	5	8	11	12	11	11	12	8	9
Timbur	1	1	2	2	3	3	3	8	12	5	11
Pappír/pappi	1	2	3	5	7	8	8	10	12	19	9
Umbúðir m. Skilgjalldi	...	1	2	3	5	7	8	8	8	8	8	8	8	7
Fatnaður, skófatnaður og textíl	1	1	1	1	2	1	1
Seyra úr rotþróum	5	5	5	5	5	5	5	5	6	6	1	6	6	6
Blandaður grófur úrgangur	5	10	15	20	25	30	31	32	11	15	5	2
Götuheinsun	1	1	1	1
Hrossatað	20	20	20	20
Annað	4	3	1
Rekstrarúrgangur, alls	246	253	258	263	268	273	280	283	291	296	310	321	343	497
Blandaður rekstrarúrgangur	236	243	247	251	255	259	255	146	150	152	89	85	48	92
Flokkaður rekstrarúrgangur, þar af:	10	10	11	12	13	14	25	137	141	144	221	236	295	405
Sláturúrgangur	10	10	11	12	13	14	15	16	16	16	16	16	19	23
Fiskúrgangur	32	32	32	35	30	58	54
Timbur (bretti, kassar o.fl.)	10	15	16	17	21	29	30	29
Frá stóriðju	10	10	10	11	11	11	113*
Landbúnaðarúrgangur	47	47	47	48	48	54	49
Blandaður byggingarúrgangur	12	15	17	22	25	20	5
Timbur frá byggingar- og niðurfisstarfsemi	13	13	8	17
Gler	4	4	4	5	6	5	1
Sjúkrahúsaúrgangur	1	1	1	1	1	1	1
Veifarferi	15	15	1	1
Mengaður jarðvegur	2	31	16	37
Óvirkur úrgangur	19	6	48	49
Brennsluleifar	3	3	3	3
Annað	10	2	21	21
Annar úrgangur, alls	31	31	33	35	37	39	40	45	45	50	55	55	63	68
Hjólbarðar	4	4	4	4	4	5	5	5	5	5	5	5	6	5
Brotamálmar	27	27	29	31	33	34	35	40	40	45	50	50	53	61
Raftæki	2	1
Ráðstöfun úrgangs samtals	391	401	411	421	431	442	453	465	476	493	523	546	583	721
Endurnýting alls, þar af:	54	65	69	79	87	87	102	119	125	143	170	233	336	457
Háhitabrennsla með orkunýtingu	5	7	7	7	7	7	7	7	7	13	16	22	26	22
Jarðgerð	2	2	2	2	2	2	2	2	3	3	5	8	10	11
Endurvinnsla önnur en jarðgerð	47	56	60	70	78	78	93	110	115	127	149	203	300	326
Önnur endurnýting	98
Til endanlegrar förgunar, þ. a.:	337	336	342	342	344	355	351	346	351	350	353	313	247	264
Urðun á stöðum með starfsleyfi	245	250	258	284	314	331	331	331	341	341	345	307	241	258
Urðun á stöðum án starfsleyfis eða með eldra leyfi	69	66	64	41	16	11	8	4	1	1	1	0	0	0
Í brennslustöðvar án orkunýtingar	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Annað	23	20	20	17	14	13	12	11	9	8	7	6	6	6
Spilliefni	6	7	7	7	8	7	8	8	8	8	8	9	10	8
Endurnýting, þ.m.t. til orkuvinnslu	5	6	6	6	6	6	6	6	4	4	4	8	9	7
Urðun
Flutt úr landi til meðhöndlunar	1	1	1	1	2	1	2	2	4	4	4	1	1	1
Íbúar sem njóta sorphirðu, %	99	99	99	99	99	99	99	100	100	100	100	100	100	100

Skýringar: Tölur hafa verið endurskoðaðar á grundvelli talna sem fengust við könnun árið 2004 vegna landsáætlanir um meðhöndlun úrgangs. Magntölur reyndust lítið hæmri en áður hafði verið áætlað, t.d. vegna betri skráningar og skilgreiningar úrgangsflokka.

Heimild: Umhverfisstofnun / The Environment Agency of Iceland

VIÐAUKI VI. NÁNAR UM NOKKRA ÚRGANGSFLOKKA

Umbúðaugangur.

Umbúðaugangur sem féll til árið 2008 og ráðstöfum hans.

Umbúðaugangur	Sem féll til (tonn)	Endurnýttur		Endurunninn	
		(tonn)	(%)	(tonn)	(%)
Gler	6.596	4.911	74,5	0	0,0
Plast	13.651	5.790	42,4	3.297	24,2
Pappír og pappír	17.762	10.364	58,3	8.475	47,7
Málmar	2.559	807	31,6	590	23,1
Timbur	29.666	24.188	81,5	23.711	79,9
Samtals	70.234	46.061	65,6	36.073	51,4

Úr sér gengin ökutæki.

Alls eru um 30 stöðvar með starfsleyfi þar sem úrvinnsla ökutækja fer fram að hluta.

Hér fyrir neðan er listi yfir fjölda ökutækja sem skilað var á árunum 2004-2009.

2004: 3115

2005: 7477

2006: 8619

2007: 8184

2008: 8418

2009: 5109

Raf- og rafeindatæki.

Það eru starfandi tvö skilakerfi á Íslandi um mitt ár 2010, RR-skil (rrskil.is) og Samskil (samskil.is). Á árinu 2009 fluttu 2566 fyrirtæki inn raf- og rafeindatæki til landsins, en í árslok 2009 voru 294 af þeim fyrirtækjum í skilakerfum. Umhverfisstofnun hefur áætlað að þau fyrirtæki standi fyrir um 82% af innflutningi raf- og rafeindatækja til landsins. Stefnt er að því að í árslok 2010 verði hlutfall innflytjenda og framleiðenda sem er í skilakerfi komnir með 95% markaðshlutdeild af heildarframleiðslu og innflutningi.